

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hámarkslaun forsvarsmanns verkalýðsfélags og hagsmunasamtaka launafólks skulu ekki vera hærri en þreföld lágmarkskjör í því verkalýðsfélagi eða hagsmunasamtökum sem hann veitir forstöðu skv. 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu launakjör sem samningsbundin eru við gildistöku laga þessara og eru hærri en sem nemur þreföldum lágmarkskjörum skv. 1. mgr. 1. gr. laganna haldast út uppsagnarfrest viðkomandi forsvarsmanns. Þegar uppsagnarfrestur er liðinn skal ákvæði 1. gr. laga þessara þó að fullu í gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Breytingin miðar að því að lögfesta reglu um hámarkslaun forsvarsmanna verkalýðsfélaga og hagsmunasamtaka launafólks þannig að þau geti aldrei orðið hærri en sem nemur þreföldum lágmarkskjörum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Í því ákvæði er kveðið á um að laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um séu lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein. Í ákvæði til bráðabirgða er þó kveðið á um að séu forsvarsmenn við gildistöku laganna með samningsbundin launakjör sem eru hærri en það viðmið sem sett eru í frumvarpinu haldi þeir þeim jafnlengi og lögboðinn uppsagnarfrestur þeirra gildir. Eftir þann tíma geta þeir að hámarki haft laun sem nema þreföldum lágmarkskjörum samkvæmt lögnum.

Samningsfrelsi er grundvallarregla í íslenskum rétti. Löggjafinn hefur þó talið rétt að setja samningsfrelsinu ákveðnar skorður séu rík rök þar að baki. Meðal þeirra raka sem oft er vísað til eru almannahagsmunir. Flutningsmenn frumvarpsins telja mikilvægt að sett sé hámark á laun forsvarsmenn verkalýðsfélaga og hagsmunasamtaka launafólks. Að baki slíku hámarki eru rík sanngirnissjónarmið enda eru þessi laun greidd úr sameiginlegum sjóðum verkalýðsins. Með frumvarpinu væru samningsfrelsi settar nokkrar skorður enda yrði ólöglegt að semja um hærri laun en sem nemur þreföldum lágmarkskjörum. Við ákvörðun þessa hámarks var þó gætt meðalhófs og ekki gengið of nærri samningsfrelsi aðila. Með því að kveða á um þreföld lágmarkskjör er enn fremur talið tryggt að hámarkið sé ákvarðað þannig að launin séu

samkeppnishæf svo að hæft fólk fái til starfans og ákvæðið dragi ekki úr hvata þeirra sem hæfastir eru til að sinna því.

Flutningsmenn telja jafnframt rétt að vekja athygli á því að setning hámarks sem er á þennan hátt bundið lágmarkskjörum getur verið forsvarsmönnum mikilvægur hvati til að berjast fyrir bættem rétti félagsmanna þar sem hækkun lágmarkslauna getur leitt til beinnar hækkunar launa þeirra.